

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Sylvía Helgadóttir
kt. 130891-2929

Starfsstöð: Helgafell 1, 700 Egilsstaðir
Fastanúmer: 217-3278

Leyfið gildir frá 31. júlí 2025 til 31. júlí 2037

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Húðflúrstofu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Lára Guðmundsdóttir
AUSTURLANDSSVÆÐIS

Lára Guðmundsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Sylvía Helgadóttir, kt. 130891-2929

Starfsstöð: Helgafell 1, 700 Egilsstaðir

Fastanúmer: 217-3278

Leyfið gildir frá 31. júlí 2025 til 31. júlí 2037

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Húðflúrstofu**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 24. maí 2025.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

Húðflúrstofu

Um er að ræða starfsleyfi fyrir húðflúrstofu. Einn meðferðarstóll er í rýminu.

Einnota nálum og öðrum blóðmengunum úrgangi skal safnað saman og komið til viðeigandi förgunar.

Óheimilt er að flúra eða gata einstakling undir 18 ára aldri nema með skriflegu leyfi forráðamanns.

Meðal annars skal farið eftir:

- Fylgiskjal 1. Starfsleyfisskilyrðum fyrir húðgötun í eyrnasnepla, líkamsgötun og húðflúr.*
- Fylgiskjal 2. Hreinsun, sótthreinsun og dauðhreinsun áhalda.*

2. Annað sem varðar starfsemina.

Vatnsveita

Um er að ræða opinbera vatnsveitu sveitafélagsins með starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Austurlands.

Um vatnsveitur gildir meðal annars:

- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Fráveita

Um er að ræða opinbera fráveitu.

Um fráveitur gilda meðal annars:

- *Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Um úrgang gilda meðal annars:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

31. júlí 2025

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

31.7.2025

Efni: Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – Húðflúrstofa

Umsókn um starfsleyfi vegna húðflúrstofu að Helgafelli 1, 700 Egilsstöðum barst þann 24. maí 2025

Umsækjandi var Sýlvía Helgadóttir kt. 130891-2929.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 9 gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST þann 1. júlí og veittur var 4 vikur frestur til að skila inn athugasemdum við tillögu að starfsleyfi. Frestur til að skila inn athugasemdum rann því út 7.7.2025.

Umsögn Múlapings barst þann 30.6.2025 og þar kom meðal annars fram að fyrirhuguð starfsemi væri í samræmi við skipulagsskilmála.

Gerð var leiðrétting á fastanúmeri og heimilisfangi sem skráð var Kaupvangur 1 í starfsleyfistillögu. Rétt heimilsfang er Helgafell 1, 700 Egilsstöðum. Engar aðrar breytingar voru gerðar frá auglýstri tillögu að starfsleyfi.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi útgefið 31. júlí 2025 með gildistíma í 12 ár.

Virðingarfyllt,

Lára Guðmundsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi